

113. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 25. september 2006 kl. 18.00 á kaffistofu skólans. Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

- Dagskrá:
1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Skólanámskrá og upplýsingabæklingur 2006-2007.
 3. Reglugerð fyrir tónlistarskólann.
 4. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.
Nemendur eru 119 eins og staðan er í dag. Nokkrir nemendur 1. og 2. bekkjar eru byrjaðir í blokkflautukennslu þar sem ekki varð úr blokkflautukennslu grunnskólans og svigrúm skapaðist hjá tónlistarkennara. Biðlistinn er nú 9-10 nemendur.
Af 119 nemendum eru 18 nemendur úr FSn. Gerður var samningur á milli Tálknafjarðar og Stykkishólmsbæjar varðandi kennslu 2ja nemenda þaðan.
Tónfræðikennslan er að fara af stað og mun Jóhanna sjá um hana þennan veturinn og verður bryddað upp á ýmsum nýjungum. Hólmgeir mun kynna fyrir tónfræðinemendum sem eru lengra komnir það sem veraldarvefurinn hefur upp á að bjóða og síðan munu nemendur vinna með tónlistarforrit.
Jóhanna, Hafsteinn og Elísabet ásamt fulltrúa foreldra, Sigrúnu Þórsteinsdóttur, eru fulltrúar tónlistarskólans í vinnuhóp um byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskólans.
2. Skólanámskrá og upplýsingabæklingur 2006-2007.
Farið var yfir skólanámskrá Tónlistarskólans og upplýsingabækling fyrir veturinn 2006-2007 og þeir samþykktir.
Jóhanna sagði einnig frá fréttapunktum og drögum að dagatali sem verður sent til nemenda á næstunni.
3. Reglugerð fyrir tónlistarskólann.
Það kom í ljós að ekki var til reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms. Elísabet lagði fyrir nefndina drög að reglugerð fyrir Tónlistarskólann og áfram verður unnið að mótun hennar.
4. Önnur mál.
Lúðrasveitirnar eru á leið í æfingabúðir og munu halda tónleika 9. og 10. nóvember nk.
Von er á nýjum búningum fyrir lúðrasveitina.
Ákveðið hefur verið að ganga til samstarfs við leiklistarval grunnskólans við uppsetningu söngleiks.

Fundi slitið kl. 19.30.

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Daði Jóhannesson (sign.),

Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).